

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Nes, land, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. ágúst 2024 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Nes, land, sem staðfest var 29. september 2023. Breytingin snýr að breytingu á aðkomu að fyrstu lóð á svæðinu Nes, landi, L164744. Ástæða nýrrar veltengingar er að gríðarlegur hæðarmunur er innan lóðar og afar erfitt að komast að skilgreindum byggingarreit þaðan sem veltenging er sýnd í dag. Áform umsækjanda voru grenndarkynnt með fresti til athugasemda til og með 2. ágúst 2024. Engar athugasemdir bárust.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 15. ágúst 2024.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. ágúst 2024